Ed. **528. Frumvarp til laga** [169. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Aftan við 59. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálm við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.

2. gr.

Við 8. málsgr. 60. gr. laganna bætist:

Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda og um ökumann létts bifhjóls.

3. gr.

Við 3. mgr. 67. gr. laganna bætist:

Vanræksla á notkun hlífðarhjálms, sbr. 4. mgr. 59. gr. og 8. mgr. 60. gr., leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

4. gr.

Breytingar þessar á umferðarlögunum taka gildi 1. jan. 1978.